

## Fundargerð 511

Mánudaginn 22. ágúst 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fjarfundar. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarasdóttir (MaH) og Óli Halldórsson (ÓH). Auk þeirra sat fundinn Sigrún Þorleifsdóttir, mannauðsstjóri innviðaráðuneytis. MBJ ritaði fundargerð.

Á dagskrá var tillaga stjórnar um skipun í embætti forstjóra Byggðastofnunar og þar sem bæði settur forstjóri og einn starfsmaður eru meðal umsækjenda var fundurinn haldinn án þátttöku starfsmanna stofnunarinnar.

Formaður setti fund kl. 13:00

### 1. Skipun í embætti forstjóra Byggðastofnunar

Fyrir fundinum lágu drög að álitgerð hæfnisnefndar dags. 18. ágúst 2022 sem stjórnarmenn höfðu fengið senda í tölvupósti 19. ágúst 2022. Sigrún Þorleifsdóttir formaður hæfnisnefndar fór yfir verklag og vinnu nefndarinnar og kynnti álit hennar og niðurstöður.

Í framhaldi af því að Aðalsteinn Þorsteinsson hefur látið af störfum forstjóra Byggðastofnunar þarf stjórn að gera tillögu til ráðherra um skipan nýs forstjóra eins og kveðið er á um í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun.

Hæfnisnefnd sem skipuð var af innviðaráðherra starfaði samkvæmt reglum nr. 393/2012 og erindisbréfi, dags. 2. ágúst 2022, og á grundvelli 39. gr. b. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í hæfnisnefnd voru skipuð: Sigrún Þorleifsdóttir, formaður, skv. tilnefningu innviðaráðuneytis og Karl Björnsson og Halldóra Kristín Hauksdóttir samkvæmt tilnefningu stjórnar Byggðastofnunar.

Í samræmi við framangreindar reglur miðaði starf hæfnisnefndarinnar að því að leiða í ljós með gagnsæjum hætti hvaða umsækjandi eða umsækjendur væru hæfastir til að hljóta skipun í embættið.

Embættið var auglýst í Lögbirtingarblaði og dagblöðum með umsóknarfresti til 25. júlí 2022. Í auglýsingu um embættið voru gerðar eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:

Auglýst var eftir framsýnum leiðtoga með brennandi áhuga á þróun og framtíð byggðamála á Íslandi, metnað til að veita framúrskarandi þjónustu og ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs. Aðrar kröfur voru:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Reynsla af stjórnun, stefnumótun og áætlanagerð sem nýtist í starfi
- Þekking á fjármálum og lánastarfsemi
- Afburða hæfni til samvinnu og í samskiptum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Framsýni, drifkraftur, metnaður og skipulagshæfni
- Hæfni til að tjá sig og eiga samskipti í ræðu og riti á íslensku og ensku

Alls bárust 10 umsóknir. Eftir að umsóknarfresti lauk drógu fjórir umsækjendur umsókn sína til baka og því voru sex umsækjendur til umfjöllunar. Í álitgerð hæfnisnefndar kemur fram að

fimm umsækjendur hafi verið kallaðir til viðtals. Í vinnu sinni lagði hæfnisnefnd ákveðna matsaðferð til grundvallar stigagjöf og almennu mati á umsækjendum.

...

...

...

Stjórnarmenn ræddu álitserð hæfnisnefndar og spurðu nefndarmenn um hæfnismatið og fengu skýringar á matsferlinu og svör við spurningum um einstaka umsækjendur. Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Að umræðu lokinni bar formaður upp tillögu um að stjórn Byggðastofnunar mæli með því við ráðherra að Arnar Már Elíasson verði skipaður í embætti forstjóra Byggðastofnunar.

Tillagan var samþykkt samhljóða

## **2. Fundur með dómsmálaráðherra um sýslumannsembætti**

Í framhaldi af umsögn um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um sýslumann sem stjórn samþykkti á síðasta fundi og send var ráðherra hefur ráðherra óskað eftir að eiga nánara samtal við Byggðastofnun um málið.

Eftir samtal setts forstjóra við skrifstofustjóra ráðuneytisins er tillaga um að taka umrætt samtal með ráðherra mánudaginn 29. ágúst klukkan 15:00 í Skálholti í tengslum við stjórnarfund sem haldin verður þar. Stjórn fékk framangreindar upplýsingar um tillögu að fundartíma með ráðherra sendar í tölvupósti 19.08.2022. Stjórn samþykkti umræddan fundartíma.

Fundargerðin var upplestin í fundarlok og samþykkt af stjórnarmönnum og vísað til rafrænnar undirritunar.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13.40

Magnús B. Jónsson,

Gunnar Þorgeirsson,

Halldóra Kristín Hauksdóttir,

Jónína Björk Óskarsdóttir,

Karl Björnsson,

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson.